

Sp. 376. Tillaga til þingsályktunar [197. mál]
um radarsvara við Grindavík.

Flm.: Karl G. Sigurbergsson, Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að settur verði radarsvari við innsiglinguna til Grindavíkur.

G r e i n a r g e r ð .

Það má öllum ljóst vera, sem til þekkja, og þá sérstaklega sjómönnum, sem leið eiga til hafnar í Grindavík, að í misjöfnum veðrum eru innsiglingarmerki til hafnarinnar eigi nægilega glögg, einkum í dimmviðri. Hefur þá oft og tíðum reynt á hjálpfýsi og þekkingu heimamanna, sem staðhättum eru gjörkunnugir, með leiðbeiningar til aðkomumanna, sem hafnar þurfa að leita.

Um langa og oft erfiða siglingu er að ræða inn til Grindavíkur, inn í svokölluð Sundboðamerki, sem eru skammt utan innsiglingarrennunnar til sjálfrar hafnarinnar. Þessi langa leið er einatt vandrötuð vegna straum- og grunnbrota báðum megin, en landið lágt, sem hægt er að glöggva sig á eftir radar í dimmviðri.

Telja verður, að radarsvari í leiðarvita inn að nefndum Sundboða hefði mikla þýðingu fyrir aðkomumenn, sem ekki þekkja sérstaklega staðhætti, og einnig til öryggis fyrir heimamenn, þótt kunnugir séu, vegna þess að á þeirri leið, sem hér um ræðir, þarf einatt nákvæmni, til þess að ekki dragi til óhappa.

Þótt önnur tæki séu til nú á tímum til að gera öruggar ferðir skipa á líkum stöðum, svo sem stefnuvitar með hljóðmerkjum, þá verður að telja, að við þær aðstæður, sem þarna eru, komi radarsvari að beztum notum, vegna þess að nú í dag má segja, að öll fiskiskip og bátar niður í 10 tonna stærð séu búin þeim tækjum, sem nota þarf í sambandi við slíkan vita.